

# Niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði

Skýrsla til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra



Desember  
2017



# Niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði

Skýrsla til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Deember  
2017

Ritstjórn:  
Benedikt Guðmundsson  
Jón Ragnar Guðmundsson

Útgefandi:  
Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík  
Sími: 569 6000, Fax, 568 8896  
Tölvupóstur: os@os.is  
Heimasíða: <http://www.os.is/>  
Hönnun og uppsetning: Baldur Pétursson, Orkustofnun  
Yfirllestur: Þórunn Erla Sighvats

Þessi skýrsla er gefin út á vef Orkustofnunar  
Efni skýrslunnar má nota, en krafist er þessa að heimildar sé getið.

OS-2017-08  
ISBN 978-9979-68-431-2

Desember 2017

# EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b> .....	<b>7</b>
<b>2</b>	<b>NIÐURGREIÐSLUR ÁRSINS 2016</b> .....	<b>7</b>
2.1	ALMENNAR NIÐURGREIÐSLUR .....	7
2.2	NIÐURGREIÐSLUR Á OLÍUHITUN OG VEGNA EINKARAFSTÖÐVA .....	8
2.3	EINGREIÐSLUR TIL HITAVEITNA OG STYRKIR VEGNA VISTVÆNNAR ORKUÓFLUNAR .....	8
2.4	JARÐHITALEIT Á KÖLDUM SVÆÐUM.....	9
2.5	ORKUSPARNADARÁTAK.....	9
2.6	NIÐURSTAÐA ÁRSINS 2016.....	9
<b>3</b>	<b>ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2017</b> .....	<b>10</b>
3.1	ALMENNAR NIÐURGREIÐSLUR .....	10
3.2	NIÐURGREIÐSLUR Á OLÍUHITUN OG HEIMARAFSTÖÐVUM .....	11
3.3	EINGREIÐSLUR TIL HITAVEITNA OG STYRKIR VEGNA VISTVÆNNAR ORKUÓFLUNAR .....	11
3.4	JARÐHITALEIT Á KÖLDUM SVÆÐUM.....	12
3.5	ORKUSPARNADARÁTAK .....	12
3.5	ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2017 .....	13
<b>4</b>	<b>FRUMDRÖG AÐ ÁÆTLUN ÁRSINS 2018</b> .....	<b>13</b>
4.1	ALMENNAR NIÐURGREIÐSLUR Í ÞÉTTBÝLI/DREIFBÝLI .....	13
4.2	NIÐURGREIÐSLUR Á OLÍUHITUN OG HEIMARAFSTÖÐVUM .....	13
4.3	EINGREIÐSLUR TIL HITAVEITNA OG STYRKIR VEGNA VISTVÆNNAR ORKUÓFLUNAR .....	13
4.4	JARÐHITALEIT Á KÖLDUM SVÆÐUM.....	14
4.5	ORKUSPARNADARÁTAK.....	14

## TÖFLUYFIRLIT

TAFLA 1: ÁÆTLUN ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIS UM RÁÐSTÖFUN FJÁRLAGALÍÐAR 04-583 Á ÁRINU 2016.....	8
TAFLA 2: SKIPTING NIÐURGREIÐSLNA MILLI DREIFIVEITNA Í MILLJ. KR.....	8
TAFLA 3: EINGREIÐSLUR TIL HITAVEITNA OG EINSTAKLINGA ÁRIÐ 2016.....	9
TAFLA 4: RÁÐSTÖFUN FJÁRLAGALÍÐAR 04-583 Á ÁRINU 2016 .....	9
TAFLA 5: FJÁRVEITING TIL NIÐURGREIÐSLNA Á HÚSHITUN 2017 .....	10
TAFLA 6: ENDURSKOÐUÐ ÁÆTLUN UM HÚSHITUNARKOSTNAÐ 2017. ....	11
TAFLA 7: BEIÐNIR UM EINGREIÐSLUR TIL HITAVEITNA OG BÆTTRAR ORKUNÝTINGAR VEGNA FRAMKVÆMDA 2016 - 2018 .....	11

## MYNDAYFIRLIT

MYND 1: NIÐURGREIÐSLUR TIL HÚSHITUNAR FRÁ 1982-2016 Á VERÐLAGI HVERS ÁRS OG M.V. VÍSITÖLU NEYSLUVERÐS Í ÁRSLOK 2016.....	7
MYND 2: SAMSETNING FJÁRLAGALÍÐAR 04-583 ÁRIÐ 2017. ....	10

# 1 Inngangur

Raforka til húshitunar hefur verið niðurgreidd af opinberu fé frá árinu 1983. Orkustofnun er, samkvæmt lögum nr. 78 frá 2002, falið að hafa umsjón með málaflokknum og skila árlega skýrslu til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Þar á að koma fram ráðstöfun fjár samkvæmt lögum þessum á næstliðnu ári. Einnig skal leggja fram endurskoðaða áætlun greiðslna yfirstandandi árs og áætlun fyrir næstkomandi ár.


Greina skal sundurliðað hve miklu fjármagni er varið til niðurgreiðslu húshitunar, stofnstyrkja hitaveitna og orkusparnaðaraðgerða. Þar er einnig að finna upplýsingar um sérstakar aðgerðir með sama markmiði, þ.e. niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna einkarafstöðva, eingreiðslur vegna aðgerða til orkusparandi framkvæmda s.s. smávirkjana, varmadælna og jarðhitaleitar á köldum svæðum.

Skýrslan er gerð í desember 2017, áður en fjárlög ársins 2018 hafa verið samþykkt af Alþingi og verður því áætlun ársins 2018 byggð á því sem fram kemur í frumvarpinu og verður endurskoðuð þegar fjárlagafrumvarp ársins 2018 hefur verið samþykkt.

## 2 Niðurgreiðslur ársins 2016

### 2.1 Almennar niðurgreiðslur

Um árabíl hefur raforka til húshitunar verið niðurgreidd af opinberu fé. Samtals hefur verið varið úr ríkissjóði tæpum 43 milljörðum króna á núvirði til lækkunar á húshitunarkostnaði íbúa landsins sem ekki njóta hitaveitu.



Mynd 1: Niðurgreiðslur til húshitunar frá 1982-2016 á verðlagi hvers árs og m.v. vísitölu neysluverðs í árslok 2016.

Heildarfjármunir til ráðstöfunar árið 2016 eru 1.731,7 m.kr. og er það um 250 m.kr. hækkun frá fyrra ári, sem kemur til af lagabreytingu sem kveður á um að niðurgreiða skuli að fullu flutning og

dreifingu raforku vegna húshitunar. Orkustofnun lagði fyrir ráðherra í febrúar tillögu að ráðstöfun fjárlagaliðarins en þurfti að endurskoða hana í apríl þegar í ljós kom að dreifbýlisframlag ársins leiddi af sér hækkun á niðurgreiðslum í dreifbýli. Áætlun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis um ráðstöfun fjárlagaliðar 04-583 fyrir árið 2016 var eftirfarandi samkvæmt töflu.

Tafla 1: Áætlun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis um ráðstöfun fjárlagaliðar 04-583 á árinu 2016

Fjárlagaliður 04-583	2016	2016
Fjárveiting 2016: 1.731.700.000,-	Tillaga í febrúar 2106	Endurskoðað í apríl 2016
Fjárheimild skv. fjárlögum 2016	1.731.700.000	1.731.700.000
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	1.585.358.173	1.616.899.547
Olíu og heimarafstöðvar niðurgreiðslur	13.000.000	13.000.000
Orkusparnaður allt að 1,5%	25.975.500	25.975.500
Umsjón Orkustofnunar	18.000.000	18.000.000
Jarðhitaleit	0	0
Stofnstyrkir (hitaveitur og eingreiðslur til einstaklinga)	89.366.327	57.824.953
Samtals:	1.731.700.000	1.731.700.000

Í töflu 2 má sjá hvernig niðurgreiðslur skiptast. Til dreifiveitna fóru 1.642,3 millj.kr. til lækkunar á raforkureikningi notenda eða 25 m. kr. meira en áætlun gerði ráð fyrir. Ástæðan var meiri orkunotkun á árinu 2015 sem kom fram í álestrum á vordögum 2016.

Tafla 2: Skipting niðurgreiðslna milli dreifiveitna í millj. kr.

Ár 2016	RARIK	Orkubú Vestfjarða	HSV	Rafveita Reyðarfjarðar	OR	Norðurorka	Samtals m.kr.
Samtals millj. kr.	1127,2	326,2	129,3	53,7	5,7	0,2	1.642,26

## 2.2 Niðurgreiðslur á olíuhitun og vegna einkarafstöðva

Á árinu 2016 voru niðurgreiðslur vegna olíuhitunar 5 m.kr. sem er mun lægri upphæð en sést hefur. Eru nú að skila sér þær aðgerðir sem farið var í m.a í Grímsey hvað varðar einangrun, gluggaskipti og aukna kröfu um hærri nýtni olíukatla. Niðurgreiðslur til eigenda heimarafstöðva voru 3,5 m.kr. sem er nánast það sama og árið á undan. Til þessa málaflokks fóru því 8,5 m.kr. Samtals námu niðurgreiðslur vegna húshitunar frá dreifiveitum, heimarafstöðvum og olíu 1.650,7 m.kr.

## 2.3 Eingreiðslur til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Eingreiðslur til bættrar orkunýtingar hjá einstaklingum námu 32 m.kr. á árinu 2016 og bendir allt til þess að umsóknum muni fjölga jafnt og þétt á komandi árum. Þetta er einhver sú best heppnaðasta aðgerð sem ríkisvaldið hefur gripið til sem skilar sér í minni niðurgreiðslum, lægri reikningi notenda og auknu framboði á raforku til annarra nota. Hitaveituframkvæmdir eru aftur að komast á skrið og á árinu 2016 voru greiddar eingreiðslur að upphæð 74,9 m.kr. Í töflu 3 má sjá þær framkvæmdir sem greiddar voru út á árinu 2016.



Tafla 3: Eingreiðslur til hitaveitna og einstaklinga árið 2016

Hitaveituframkvæmdir á árinu 2016	Eingreiðsla Heildarupphæð
Sveitarfélagið Skagatrönd	2.000.000
Skagafjarðarveitur ehf.	14.701.060
Hitaveita Húnaþings vestra/Hrútafjörður	21.405.851
Hitaveita Húnaþings vestra/Miðfjörður	35.030.550
Norðurorka/Reykjaveita	1.765.000
Eingreiðslur til einstaklinga	32.000.000
Samtals eingreiðslur	106.902.461

## 2.4 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Heimilt er að verja allt að 5% af árlegri fjárveitingu til niðurgreiðslna vegna húshitunar, til jarðhitaleitar á köldum svæðum. Það er ráðherra að ákvarða hverju sinni hversu miklu skuli varið til jarðhitaleitar og á árinu 2016 var ákvörðun ráðherra, samkvæmt tillögu Orkustofnunar, að sleppa því að leggja fjármuni til jarðhitaleitar þar sem mörgum verkefnum er ekki lokið sem útdeilt var á árum áður.

## 2.5 Orkusparnaðarátak

Áfram er unnið með aðilum sem tengjast brothættum byggðum með átaki til orkusparnaðar sem felst í styrkjum til bættrar einangrunar, gluggaskipta eða annarra aðgerða sem lækkar orkureikning notandans.

## 2.6 Niðurstaða ársins 2016

Ýmislegt varð til þess að að áætlun ársins fór úr skorðum og nauðsyn reyndist að fá viðbótarfjármagn á fjárukalögum. Raforkunotkun til húshitunar jókst milli ára sem stafaði af því að árið 2015 var kalt sem kom fram á álestrum á vordögum 2016 sem leiddi til hærri áætlunar hjá notendum. Þá lækkaði dreifbýlisframlag á dreifiveitusvæði RARIK sem leiddi til hærri niðurgreiðslna á húshitun í dreifbýli.

Tafla 4: Ráðstöfun fjárlagaliðar 04-583 á árinu 2016

Fjárlagaliður 04-583	2016 Niðurstaða	2016 Með fjárukaframlagi
Fjárheimild skv. fjárlögum 2015	1.731.700.000	1.801.700.000
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	1.642.352.371	1.642.352.371
Olíu og heimarafstöðvar-niðurgreiðslur	8.563.609	8.563.609
Orkusparnaður allt að 1,75%	25.975.500	25.975.500
Umsjón Orkustofnunar	18.000.000	18.000.000
Jarðhitaleit		0
Eingreiðslur til hitaveitna og einstaklinga	105.674.929	105.674.929
Samtals	1.800.566.408	1.800.566.408
Niðurstaða reiknings:	-68.866.408	1.133.592

### 3 Endurskoðuð áætlun ársins 2017

#### 3.1 Almennar niðurgreiðslur

Á fjárlögum 2017 verður sú breyting á að fleiri verkefni koma undir fjárlagaliðinn, niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði. Á mynd 2 má sjá hvað fjárlagaliðurinn inniheldur og samkvæmt honum eru 1.750,9 m.kr. til niðurgreiðslna. Dreifbýlisframlagið, til jöfnunar á orkuverði í dreifbýli, til jafns við dýrasta þéttbýlisverð, er innheimt með jöfnunargjalds á alla orku sem fer um dreifikerfið, að undanskyldri stóriðju. Notendur utan samveitna er raforkuframléiðsla í Grímsey og Flatey þar sem ríkissjóður greiðir allan kostnað umfram tekjur af sölu rafmagns á þessum stöðum. Síðan er það einkisgreiðsla til Vestmannaeyja vegna uppsetningar á sjóvarmadælu. Upphaflega voru þetta 300 m.kr. en helmingurinn kom til greiðslu á fjárlögum 2016.



Mynd 2: Samsetning fjárlagaliðar 04-583 árið 2017.

Sem fyrr segir nemur fjárveiting til fjárlagaliðar 04-583, niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar alls 2.969,8 m.kr. þar af til húshitunar 1.750,7 m.kr. Það er ráðherra sem samþykkir skiptingu fjármuna til niðurgreiðslna fyrir árið 2017 en hún er byggð á tillögum Orkustofnunar sem byggir á fyrirbyggjandi beiðnum dreifiveitna um hækkun gjaldskrár frá 1. janúar 2017 sem og þeim breytingum sem jöfnunargjald mun hafa á niðurgreiðslur í dreifbýli sem og áætlun um hitaveituvæðingu hitaveitna á rafhituðum svæðum.

Tafla 5: Fjárveiting til niðurgreiðslna á húshitun 2017

Fjárlagaliður 04-583	2017 Áætlun
Fjárheimild skv. fjárlögum 2017	1.750.700.000
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	1.740.639.293
Olíu og heimarafstöðvar-niðurgreiðslur	10.060.707
Samtals:	1.750.700.000

Fyrsta tillaga Orkustofnunar byggði á orkunotkun ársins 2016 en tafla 5 sýnir hvernig tillaga ársins 2017 leit út eftir að tekið hafði verið tillit til hækkana á gjaldskrár dreifiveitnanna. Samkvæmt þessu dugðu niðurgreiðslur aðeins til að greiða beinar niðurgreiðslur og hluta niðurgreiðslna til notenda með olíuhitun og heimarafstöðvar. Ný áætlun var síðan gerð um mitt ár og þá sýndi sig að orkunotkun var mun minni en ráð var fyrir gert hjá dreifiveitunum sem leiddi til þess að svigrúm myndaðist til eingreiðslna.

Tafla 6: Endurskoðuð áætlun um húshitunarkostnað 2017.

Fjárlagaliður húshitunar	2017
Fjárheimild skv. fjárlögum 2016	1.750.700.000
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	1.607.677.817
Olíu /heimarafstöðvar-niðurgreiðslur	10.392.263
Orkusparnaður allt að 2%	26.260.500
Umsjón Orkustofnunar	18.000.000
Jarðhitaleit	0
Stofnstyrkir (hitaveitur og eingreiðslur til einstaklinga)	88.369.420
<b>Samtals:</b>	<b>1.750.700.000</b>

Fjárveitingin skiptist á fimm verkefnaþætti en í lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, er nánar mælt fyrir um úthlutun þessa fjár. Í lögnum er gert ráð fyrir að niðurgreiðslur á húshitun og greiðsla kostnaðar af umsjón og eftirliti gangi fyrir, en að heimilt sé að verja allt að 20% heildarfjárveitingar til stofnstyrkja, allt að 5% til jarðhitaleitar og allt að 3% til orkusparnaðaraðgerða. Það hefur því skapast svigrúm til annarra aðgerða þar sem orkunotkun til húshitunar stefnir í að vera um 20 GWst minni en áætlun gerði ráð fyrir í upphafi. Þetta er allt afleiðing af minni notkun til húshitunar af veðurfarslegum aðstæðum á undanförunum árum.

### 3.2 Niðurgreiðslur á olíuhitun og heimarafstöðvum

Nú þegar hefur Orkustofnun greitt til beggja hópa fyrstu þrjá ársfjórðungana og hafa rúmar 7 m.kr. farið til olíu- og heimarafstöðva og er það á pari við áætlun ársins.

### 3.3 Eingreiðslur til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Frá 2015 til dagsins í dag hafa komið fjölda beiðna um eingreiðslur vegna lagningar hitaveitu á rafhituðum svæðum. M.v. framkvæmdir og hitaveituvæðingu á undanförunum árum og því næsta má áætla að skapast hafi eingreiðsluþörf uppá um 600 m.kr., þó það sé ekki staðfest.

Tafla 7: Beiðnir um eingreiðslur til hitaveitna og bættrar orkunýtingar vegna framkvæmda 2016 - 2018

Stofnstyrkir hitaveitna á árinu 2017	Upphæð m.kr.
Hitaveita Húnaþings-vestra / Miðfjörður	22.200.000
HVH Hrutafjörður norðan Reykja	27.200.000
HVH Víðidalur	150.300.000
Skagafjarðarveitur/Lýtingsstaðahreppur	37.200.000
Eyjafjarðarsveit vegna eldri framkvæmda	17.000.000
Hitaveita Dalvíkur	24.400.000
Norðurorka Ólafsfirði	15.300.000
Hitaveita í Kaldrananeshreppi	5.000.000
Kjósarveita	272.400.000
<b>Samtals</b>	<b>571.000.000</b>
Varmadælu/einkahitaveitur/orkusparnaður	30.000.000
<b>Samtals eingreiðslur</b>	<b>601.000.000</b>

Ýmis verkefni geta leitt til lækkunar á niðurgreiðslum til húshitunar, svo sem eingreiðslur til hitaveitna, styrkir til uppsetningar varmadælna og styrkir til einangrunar húsa. Í dag eru í kringum 12.000 notendur með niðurgreidda rafhitun eða fjarvarmaveitu. Ef við gefum okkur einfalt dæmi þ.e. að 10% þessara notenda í dreifbýli, sem oftast en ekki eru með hámarks niðurgreiðslu, fái sér

varmadælu sem sparar þeim um 50% af notkun lítur dæmið svona út m.v. 20 ára tímabil sem væri þá samningstímabilið.

Tafla 8: Dæmi um langtímasparnað við varmadæluvæðingu

Niðurgreiðsla	7,75	Kr./kWst
Verð notanda	6,95	Kr./kWst
Heildarnotkun	40000	kWst
Orkusparnaður	20000	kWst
Eingreiðsla	1.240.000	Kr.
Ár	20	ár
Framkvæmdarkostnaður	2.500.000	Kr.

	Niðurgreiðsla	M.varmadælu	Mismunur
Ríki	7.440.000.000	5.208.000.000	2.232.000.000
Íbúi	6.672.000.000	4.848.000.000	1.824.000.000
Samtals	14.112.000.000	10.056.000.000	4.056.000.000

Við erum að tala um sparnað ríkisins upp á 2,3 milljarða og 1,8 milljarð hjá notanda. Í dag eru þegar um 400 aðilar með samning við Orkustofnun um eingreiðslu og lækkun á niðurgreiðslu í samræmi við það.

Sem fyrr segir má ætla að heildarraforkunotkun til húshitunar sé í kringum 700 GWst. Líta má á þessar GWst sem vannýttu auðlind vegna þess að auðveldlega má draga úr þessari rafhitun með stækkun hitaveitna, bættri einangrun húsa og uppsetningu varmadæla. Með einföldun má segja að ef rafhitun yrði helminguð með uppsetningu varmadæla þá myndi losna um 350 GWst í raforkukerfinu sem samsvarar um 50 MW virkjun.

### 3.4 Jarðhitaleit á köldum svæðum

Orkustofnun hefur ekki getað mælt með því að leggja fjármuni af fjárlagaliðnum til jarðhitaleitar vegna takmarkaðra fjármuna til annarra verkefna en beinna niðurgreiðslna. Orkusjóður fer með úthlutun þeirra fjármuna sem ráðherra hefur fallist á að setja í jarðhitaleit í gegnum fjárlagaliðin og er enn óráðstafað hluta þess sem síðast var samþykkt 2010. Orkustofnun telur afar brýnt að fara yfir jarðhitaleit til þessa og setja upp framkvæmdaráætlun með það að markmiði að skilgreina upp á nýtt þá möguleika sem eru fyrir hendi á þeim landssvæðum sem rafhitun er eingöngu í boði. Hugmyndin gengur út á eftirfarandi:

- Hvar er enn möguleikar á jarðhita í einhverju mæli innan skilgreindra leitarmarka.
- Hvar er fýsilegt að leita að hita sem nýtist með varmadælum sveitarfélögum og atvinnulífi sem ekki nýtur niðurgreiðslna.
- Hvaða leiða skal leita þar sem er útilokað er að finna jarðhita eða nýta það sem finnst vegna fjarlægðar frá notendum.

### 3.5 Orkusparnaðaráttak

Samkvæmt lögunum er heimilt að veita allt að 3% af fjárveitingu ársins til orkusparnaðaráttaks en fjárframlag til þessa liðar er mjög mikilvægt og hefur það sannað sig og haft góð áhrif á þeim svæðum þar sem fjármunirnir hafa verið nýttir. Á undanförunum árum hefur megnið af þeim fjármunum sem varið hefur verið til orkusparnaðar farið á þau svæði landsins sem teljast til brothættra byggða með góðum árangri. Hefur það leitt til bættrar orkunýtingar, aukinnar atvinnu við viðhald og endurbætur á íbúðarhúsnæði á viðkomandi svæðum.

### 3.5 Endurskoðuð áætlun ársins 2017

Sú áætlun sem fram kemur í töflu 5 stendur óbreytt út árið. Lækkun á einingaverðum Veitna OHF. frá 1.nóvember hefur lítil áhrif á endanlega niðurstöðu og því ástæðulaust að breyta áætluninni.

## 4 Frumdrög að áætlun ársins 2018

Samkvæmt framlögðu fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir 3.275,7 m.kr. til niðurgreiðslna og tengdra verkefna. Orkustofnun hefur skipt liðnum upp samkvæmt töflu 8.

Tafla 9: Ráðstöfun fjárlagaliðar 04-583 á árinu 2018.

Fjárlagaliður 04-583	2018 Áætlun
Fjárheimild skv. fjárlögum	3.275.700.000
Jöfnun kostnaðar við dreifingu orku í dreifbýli	952.000.000
Notendur utan samveitna	55.500.000
Beinar niðurgreiðslur til dreifiveitna	1.700.000.000
Olíu og heimarafstöðvar niðurgreiðslur	11.000.000
Orkusparnaður allt að 3%	34.000.000
Umsjón Orkustofnun	18.000.000*
Jarðhitaleit	0
Stofnstyrkir (hitaveitur og eingreiðslur til einstaklinga)	505.200.000
Samtals	3.275.700.000

\* Óbreytt þar til ákvörðun hefur verið tekin um annað.

### 4.1 Almennar niðurgreiðslur í þéttbýli/dreifbýli

Undanfarin ár hafa verið hagstæð veðurfarslega sem hefur leitt til minni raforkunotkunar til húshitunar en á sama tíma hefur raforkunotkun almennt aukist, sérstaklega í dreifbýli með auknum straumi ferðamanna. Þetta tvennt skapar ákveðin vandamál þar sem jöfnunargjald til jöfnunar á orkuverði í dreifbýli hefur hvergi nær dugað til og vandinn eykst eftir því sem orkunotkun í dreifbýli eykst umfram notkun í þéttbýli. Að sama skapi minnkar niðurgreiðsluþörfin í dreifbýli eftir því sem notkun til hitunar minnkar. Sama á við um þéttbýlið hvað hitun varðar.

Hækkunarþörf dreifiveitna á næsta ári liggur ekki fyrir en flestar þeirra hækkuðu verð í ágúst 2017 og má því búast við að frekari hækkunir verði ekki fyrr en á sama tíma að ári með þeirri undantekningu að RARIK hefur ekki hækkað verð um allanga hríð og því líkur á gjaldskrárhækkun frá þeim. Vægi RARIK í niðurgreiðslum og dreifingu orku er um 85% af heildinni og getur hækkun ein og sér hjá þeim haft umtalsverð áhrif á endanlega niðurstöðu ársins 2018.

### 4.2 Niðurgreiðslur á olíuhitun og heimarafstöðvum

Ekki er búist við breytingum á niðurgreiðslum til ofanskráðra þátta á árinu 2018.

### 4.3 Eingreiðslur til hitaveitna og styrkir vegna vistvænnar orkuöflunar

Ofanskráð áætlun gerir ráð fyrir að rúmar 500 m.kr. verði til ráðstöfunar til eingreiðslna á árinu 2018. Fjármunirnir verða m.a. nýttir til greiðslu styrkja vegna þeirra framkvæmda sem lauk á árinu

2017. Það er vaxandi eftirspurn eftir eingreiðslum frá einstaklingum sem eru að setja upp varmadælur til lækkunar á orkukostnaði sínum til húshitunar og er það mat Orkustofnunar að það sé hvað best heppnaða aðgerð sem ráðist hefur verið í með breytingum á lögum um niðurgreiðslur á húshitunarkostnaði og skilar sér fjárhagslega hvað best í lækkun niðurgreiðslna.

#### **4.4 Jarðhitaleit á köldum svæðum**

Síðustu ár hafa ekki verið veittir sérstakir fjármunir til þess að fara í jarðhitaleit á köldum svæðum. Miðað við núverandi aðstæður verður ekki breyting þar á og því ekki farið í að veita fjármuni til jarðhitaleitar á köldum svæðum á næsta ári.

#### **4.5 Orkusparnaðaráttak**

Heimilt er að leggja allt að 3% af fjárlagaliðnum til orkusparandi aðgerða. Í fyrstu drögum er lagt til að 2% verði nýtt að fullu en tekið skal fram að þetta eru aðeins frumdrög og endanleg skipting mun liggja fyrir þegar niðurstaða fæst í hver endanleg tala frumvarpsins verður.

Orkustofnun áskilur sér rétt til að endurskoða áætlun ársins 2018 þegar fjárlög hafa verið samþykkt á Alþingi. Dreifbýlisframlagið mun lækka frá og með 1. apríl 2018 sem hefur áhrif á niðurgreiðslurnar. Því er Orkustofnun óhægt um vik að gera áætlun fyrir 2018 á þessu stigi málsins.



